# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði, sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.**

1. gr.

Eftirlitsgjöld samkv. gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis nr. 470/1985 verða á árinu 1987 sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **Eftirlitsgjöld:** | |
| 1. flokkur | 5 000 |
| 2. flokkur | 10 000 |
| 3. flokkur | 19 000 |
| 4. flokkur | 32 000 |
| **Leyfisgjöld:** | |
| 1. flokkur | 1 900 |
| 2. flokkur | 3 800 |
| 3. flokkur | 5 700 |
| 4. flokkur | 7 600 |

Gjöld fyrir vottorð kr. 650.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurlands, samanber 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. þeirra laga til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1987.*

F.h.r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

4. mars 1987 Nr. 108

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði sbr. reglugerð nr. 195/1985, um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði, sbr. 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.**

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits skal, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 6 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 16.1. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | 1 00 |
| 2. flokkur | 2 000 |
| 3. flokkur | 2 500 |
| 4. flokkur | 3 000 |
| 5. flokkur | 3 500 |
| 6. flokkur | 4 000 |

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Ef framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 skal árlega greiða eftirlitsgjöld svo sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | 6 000 |
| 2. flokkur | 12 000 |
| 3. flokkur | 17 000 |
| 4. flokkur | 23 000 |
| 5. flokkur | 31 000 |
| 6. flokkur | 39 000 |

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Akranessbæjar, sem innheimtir eftirlitsgjöldin í umboði sveitarstjórna á svæðinu og stendur skil á þeim í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins.

5. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a.m.k. helmingi kostnaðar heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis en sveitarfélögin undir því sem á kann að vanta í samræmi við íbúafjölda.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda skv. 4. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. apríl. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum og heilbrigðiseftirlitssvæðis Akranessvæðis, sbr. reglugerð nr. 191/1985 um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði sbr. og 6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 235, með sama heiti, ásamt síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. mars 1987.*

F.h.r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

**Fylgiskjal** með gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:

| I | II | III | IV | V | VI |
|---|---|---|---|---|---|
| Bensínstöðvar<br>Leiktækjasalir<br>Ljósastofur<br>Rakara-, hár-<br>greiðslu- og<br>snyrtistofur<br>Gufubaðsstofur<br>Sælgætisversl.<br>(minni)<br>Málningarversl.<br>Tannlæknastofur<br>Torgsala<br>Tjaldsvæði<br>Sumargisting<br><br>Annar rekstur<br>sambærilegur | Fangageymslur<br>Félagsheimili<br>sem eru ekki<br>með samfelldan<br>rekstur<br>Gistiheimili<br>án veitinga<br>Sælgætisversl.<br>(Ís, samlokur,<br>pylsur)<br>Sumargisting<br>m/morgunverði<br>Sumarbúðir<br>(orlofsheimili)<br>Skólar<br>Heilsuræktarstöðvar<br>Brauðgerð, brauð-<br>sala<br>Kvikmyndahús<br>Læknastöðvar<br>Matsöluvagnar<br>Neysluvöru-<br>geymslur<br>Nýlenduvöru-<br>verslanir<br>Tækifærisveitingar<br><br>Annar rekstur<br>sambærilegur | Félagsheimili<br>m/veitingum<br>Sumarhótel<br>(3—4 mán.)<br>Skyndibita-<br>staðir<br>Mötuneyti<br>(100 manns)<br>Fiskverslanir<br><br>Annar rekstur<br>sambærilegur | Veitingastaðir<br>(>50 manns)<br>Dvalarheimili<br>Ísbúð/ísgerð<br>Kjörbúð/nýlendu-<br>vöruverslun<br>Brauðgerðarhús<br>Minni hótel<br>(<15 herb.)<br>Brauðstofur<br>Pizzugerð<br>Leiktækjasalir<br>m/veitingum<br>Sælgætisgerðir<br>(smærri)<br>Vinnslustöðvar<br>(minni)<br>Annar rekstur<br>sambærilegur | Mötuneyti<br>(>100 manns)<br>Veitingastaðir<br>(stærri)<br><br>Annar rekstur<br>sambærilegur | Stórmarkaðir<br>Stærri kjörbúðir<br>Stór hótel<br>Stórar matvinnslustöðvar<br>Stór brauðgerðarhús<br>Mjólkurstöðvar<br>Vinnuheimili<br>Tækifærisveitingar<br>v/stórsýninga<br><br>Annar rekstur<br>sambærilegur |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kr. | Kr. | Kr. | Kr. | Kr. | Kr. |
| Vottorð: | 500 | 500 | 500 | 500 | 500 | 500 |
| Leyfisgj. | 1 000 | 2 000 | 2 500 | 3 000 | 3 500 | 4 000 |
| Eftirlitsgj.: | 6 000 | 12 000 | 17 000 | 23 000 | 31 000 | 39 000 |